



Ástand umhverfis Evrópu er ekki gott: ógnir við náttúruna og áhrif loftslagsbreytinga eru helstu áskoranirnar

Verulegur árangur hefur náðst í að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og loftmengun, en umhverfi Evrópu stendur almennt frammi fyrir miklum áskorunum. Þetta á sérstaklega við um náttúru álfunnar sem heldur áfram að hnigna, m.a. vegna ofnýtingar og taps líffræðilegs fjölbreytileika. Áhrif hraðari loftslagsbreytinga eru einnig brýn áskorun samkvæmt skýrslu Umhverfisstofnunar Evrópu (EEA), *Europe's Environment* sem birt var í dag. Horfurnar í flestum umhverfisþáttum eru áhyggjuefni og fela í sér mikla áhættu fyrir efnahagslega velmegun, öryggi og lífsgæði í Evrópu.

Í skýrslunni er lögð áhersla á að loftslagsbreytingar og umhverfisspjöll ógni samkeppnishæfni Evrópu, sem er háð náttúruauðlindum. Markmið um að ná loftslagshlutleysi fyrir árið 2050 velti einnig á betri og ábyrgari stjórnun lands, vatns og annarra auðlinda. Að vernda náttúruauðlindir, draga úr loftslagsbreytingum, aðlagast þeim og draga úr mengun muni auka seiglu samfélagsins. Þetta á sérstaklega við grunnþætti sem eru háðir náttúrunni, svo sem matvælaöryggi, drykkjarvatn og flóðavarnir.

Í skýrslunni er hvatt til þess að efla stefnumótun og langtímaaðgerðir sem stuðli að sjálfbærni og hafa þegar verið samþykktar samkvæmt *Græna sáttmála* Evrópu. Slíkar aðgerðir eru í samræmi við forgangsröðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins samkvæmt samkeppnisáttmálanum um nýsköpun, kolefnislosun og öryggi.



Skýrslan [Europe's Environment 2025](#) er ítarlegasta greining sem út hefur verið gefin á núverandi stöðu og horfum fyrir umhverfi, loftslag og sjálfbærni Evrópu, og byggir á gögnum frá 38 löndum. Í skýrslunni kemur fram að Evrópusambandið er leiðandi í loftslagsmálum á alþjóðavísu, þegar kemur að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og notkun jarðefnaeldsneytis, á sama tíma og það hefur tvöfaldað hlutdeild endurnýjanlegrar orku frá árinu 2005. Einnig hefur náðst góður árangur í að bæta loftgæði og auka endurvinnslu úrgangs og auðlindanýtni undanfarin 10-15 ár. Framfarir á ýmsum sviðum, svo sem í nýsköpun, grænum atvinnumöguleikum og sjálfbærum fjármálum, gera álfunni kleift að færa sig í átt að sjálfbærni. Það veitir einnig von.

Teresa Ribera, framkvæmdastjóri hreinnar, réttlátrar og samkeppnishæfrar umbreytingar, segir: „Skýrslan er skýr áminning um að Evrópa verður að halda stefnunni og jafnvel hraða markmiðum sínum í loftslags- og umhverfismálum. Nýleg dæmi um öfgar í veðri sýna hversu viðkvæm hagsæld okkar og öryggi eru þegar náttúrunni hnignar og áhrif loftslagsbreytinga aukast. Að seinka eða fresta loftslagsmarkmiðum okkar myndi aðeins auka kostnað og ójöfnuð og draga úr seiglu okkar. Að vernda náttúruna er ekki kostnaður heldur fjárfesting í samkeppnishæfni, seiglu og velferð borgaranna okkar. Með því að bæta í aðgerðir núna getum við byggt upp hreinni, réttlátari og viðnámsþolnari Evrópu fyrir komandi kynslóðir.“

Jessika Roswall, sem fer með málefni umhverfismála, vatnspóls og samkeppnishæfs hringrásarhagkerfis, segir: „Þó að árangur hafi náðst er ástand umhverfis okkar skýrt ákall um aðgerðir, svo halda megi áfram að draga úr mengun, endurheimta náttúruna og vernda líffræðilegan fjölbreytileika.“ Við þurfum að endurhugsa tengslin milli umhverfis og efnahagslífs og líta á verndun náttúrunnar sem fjárfestingu, ekki kostnað. Heilbrigð náttúra er grundvöllur heilbrigðs samfélags, samkeppnishæfs hagkerfis og seiglu heimsins, og þess vegna er ESB staðráðið í að halda áfram stefnu sinni í umhverfismálum.“

Wopke Hoekstra, framkvæmdastjóri loftslagsmála, núllosunar og hreins vaxtar, sagði: „Þessi skýrsla undirstrikar hversu brýn þörf er á því að ESB viðhaldi sterkum metnaði sínum í loftslagsmálum. Evrópa, sem hefur verið sú heimsálfa sem hefur hlýnað hraðast, hefur orðið vitni að hræðilegum áhrifum loftslagsbreytinga af eigin raun – nýlegt dæmi eru miklir skógareldar sem breiddust út um álfuna í sumar. Kostnaðurinn við aðgerðaleyfi er gríðarlegur og loftslagsbreytingar ógna samkeppnishæfni okkar beint. Að halda áfram metnaðarfullri stefnu er nauðsynlegt til að vernda hagkerfi okkar.“

Leena Ylä-Mononen, framkvæmdastjóri EEA sagði: „Við höfum ekki efni á að draga úr metnaði okkar í loftslags-, umhverfis- og sjálfbærnimálum. Þessi skýrsla um ástand umhverfisins, sem við unnum í samstarfi við 38 lönd, setur vísindalega þekkingu fram með skýrum hætti og sýnir hvers vegna við þurfum að bregðast við. Í Evrópusambandinu höfum við stefnuna, verkfærin og þekkinguna, og áratuga reynslu af því að vinna saman að sjálfbærnimarkmiðum okkar. Það sem við gerum í dag mun móta framtíð okkar.“



Flóknar áskoranir framundan

Líffræðilegum fjölbreytileika hnignar í vistkerfum á landi, í ferskvatni og í sjó í Evrópu vegna viðvarandi álags sem stafar af ósjálfbærum framleiðslu- og neyslumynstrum, sem birtist einkum í matvællakerfinu. Í skýrslunni segir að til framtíðar sé gert ráð fyrir að ástand líffræðilegs fjölbreytileika og vistkerfa í Evrópu haldi áfram að versna og að ólíklegt sé að samþykkt markmið fyrir árið 2030 náist.

Á sama hátt eru vatnsauðlindir Evrópu undir miklu álagi og vatnsskortur hefur áhrif á þriðjung íbúa og yfirráðasvæðis Evrópu. Að viðhalda heilbrigðum vistkerfum í vatni, vernda vatnasvið og tryggja að grunnvatnsauðlindir séu endurnýjaðar er lykilatriði til að tryggja framtíðarvatnsgæði Evrópu, segir í skýrslunni.

Hvað loftslagsbreytingar varðar er Evrópa sú heimsálfa sem hlýnar hraðast. Loftslagið breytist með ógnvekjandi hraða og ógnar öryggi, lýðheilsu, vistkerfum, innviðum og efnahagslífinu. Aukin tíðni og umfang loftslagstengdra hamfara, sem og vitneskjan um að loftslagið muni halda áfram að breytast þrátt fyrir metnaðarfullar aðgerðir ESB til að draga úr gróðurhúsaáhrifum, undirstrikar brýna þörf á að aðlaga evrópskt samfélag og efnahag og jafnframt tryggja að enginn dragist aftur úr.

Þessar áskoranir kalla á þörf á að endurhugsa tengslin milli hagkerfis okkar, náttúru, umhverfis, lands, vatns og náttúruauðlinda, segir í skýrslunni. Aðeins með því að endurheimta náttúrulegt umhverfi í Evrópu verður hægt að viðhalda samkeppnishæfu hagkerfi og háum lífsgæðum fyrir evrópska borgara.

Að auka aðgerðir

Í skýrslunni segir að brýn þörf sé á umbreyttum framleiðslu- og neyslukerfum – að draga úr kolefnislosun hagkerfisins, færa sig í átt að hringrásarstefnu, draga úr mengun og umgangast náttúruauðlindir með ábyrgum hætti. Stefnumál ESB, þar á meðal Græni sáttmállinn, bjóða upp á skýra leið í átt að sjálfbærni.

Í skýrslunni er sérstaklega bent á viðleitni til að endurheimta búsvæði með náttúrumiðuðum lausnum, í því skyni að byggja upp seiglu og stuðla að viðleitni til að draga úr loftslagsbreytingum og auka aðlögun. Skýrslan leggur einnig áherslu á nauðsyn þess að draga úr kolefnislosun í lykilgeirum efnahagslífsins, sérstaklega samgöngum, og að bregðast við losun frá landbúnaði. Aukin hringrás getur dregið úr þörf Evrópu á innflutningi á orku og mikilvægum hráefnum. Enn fremur getur Evrópa aukið framleiðni og orðið leiðandi á heimsvísu í grænni nýsköpun með því að fjárfesta í stafrænum og grænum umbreytingum í evrópskum iðnaði, og skapa tækni til að draga úr kolefnislosun í atvinnugreinum sem erfitt er að draga úr, svo sem stálvinnslu og sementframleiðslu.

[Landfræðileg staða Íslands, fámenni og gnægð af endurnýjanlegri orku hafa leitt til umhverfisáskorana sem í mörgum tilfellum eru frábrugðnar því sem almennt gerist í Evrópu. Mengun er lítil og vatnsgæði mikil. Orkuframleiðsla er mjög mikil miðað við höfðatölu þar sem tæplega 100% þeirrar orku sem fer til rafmagns- og húshitunar er endurnýjanleg, þ.e. vatnsafl og jarðhiti. Hins vegar er losun gróðurhúsalofttegunda



fremur mikil miðað við höfðatölu, sem skýrist m.a. af losun frá stóriðju sem nýtir sér græna orku Íslands. Vegna aldalangrar landeyðingar hefur Ísland mikla reynslu af landgræðslu, þar sem endurheimt vistkerfa og kolefnisbinding er í forgrunni. Ferðaþjónusta hefur vaxið á stuttum tíma og orðið stærsta atvinnugrein þjóðarinnar sem hefur kallað á átak í náttúruvernd og uppbyggingu innviða á náttúrusvæðum. Fiskveiðar hafa lengi verið ein mikilvægasta útflutningsgrein landsins, en þær byggja á kvótakerfi sem fylgir stífum reglum í því skyni að tryggja sjálfbæra nýtingu fiskistofna.]

Forsaga

EEA gefur út umhverfisskýrslu á fimm ára fresti eins og kveðið er á um í reglugerð stofnunarinnar. Umhverfi Evrópu 2025 er sjöunda skýrslan af þessu tagi sem EEA hefur gefið út frá árinu 1995. Hún hefur að geyma trausta innsýn byggða á vísindum í það hvernig ber að bregðast við þeim miklu og margslungnu áskorunum sem við stöndum frammi fyrir, eins og loftslagsbreytingar, hnignun líffræðilegs fjölbreytileika og loft- og vatnsmengun.

Skýrslan var unnin í nánu samstarfi við evrópska upplýsinga- og eftirlitsnetið á sviði umhverfismála (Eionet) hjá Umhverfisstofnun Evrópu (EEA). Skýrslan byggir á umfangsmikilli þekkingu leiðandi sérfræðinga og vísindamanna á sviði umhverfismála hjá Eionet meðal allra hinna 32 aðildarríkja og sex samstarfsríkja EEA.